



# Minnisblað

Dags.: 17. janúar 2025

**Frá:** Óttar Guðlaugsson

**Dreifing:** Sveitarstjórn

**Efni:** Endurskoðun á frístundarstyrk sveitarfélagsins til ungmenna

## Inngangur

Frístunda- og tómstundastyrkir eru áhrifaríkt verkfæri sveitarfélaga til að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþrótt-, menningar- og tómstundastarfi. Rannsóknir hafa sýnt fram á fjölbættan ávinning af virkri þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi. Börn sem stunda reglulega íþróttir eða taka þátt í menningarstarfi hafa almennt betri líkamlega og andlega heilsu, auk þess sem félagsfærni og sjálfsmynd þeirra styrkist. Samkvæmt rannsóknum er ljóst að þátttaka í frístundum minnkar líkur á félagslegri einangrun, bætir námsárangur og dregur úr áhættuþegðun hjá ungmenum.

Í síauknum mæli hafa íþrótt- og æskulýðsfélög á Íslandi hafið þjónustu fyrir börn yngri en 5 ára. Þessi þjónusta felur oft í sér æfingar sem stuðla að leik og hreyfingu undir leiðsögn fagfólks, en henni fylgir jafnframt aukinn kostnaður sem getur verið íþyngjandi fyrir fjölskyldur. T.d. hefur sundnámskeiðið Guggusund á Selfossi verið í boði ungabörn frá 2 mánaða aldri og hjálpað mörgum börnum að efla hreyfiþroska sinn.

Rannsóknir benda til þess að þátttaka barna í hreyfi- og leiktengdum æfingum á unga aldri hafi margvísleg jákvæð áhrif á þroska þeirra. Þórdís Lilja Gísladóttir, dósent við Háskóla Íslands, hefur meðal annars bent á að markviss hreyfiþjálfun barna undir handleiðslu sérfræðinga geti bætt hreyfiþroska, sem er grunnur að frekari líkamlegri og félagslegri færni. Þetta samræmist niðurstöðum Stodden og félaga (2015), sem sýna að góð hreyfifærni á unga aldri er mikilvægur forspárþáttur fyrir áframhaldandi þátttöku í íþróttum og tómstundum, sem aftur tengist betri líkamlegri og félagslegri heilsu. Auk þess getur markviss hreyfing dregið úr líkum á þroskafrávikum, svo sem málþroskaröskunum, með því að efla samhæfingu hreyfinga og félagslega samskiptafærni.

Þess vegna er mikilvægt að efla stuðning við íþrótt- og tómstundastarf fyrir yngri börn, bæði til að tryggja að fleiri börn hafi jöfn tækifæri til þátttöku og til að styðja við heilbrigðan þroska þeirra og þátttöku þeirra síðar í framtíðinni til skapa farsælt samfélag og undirstrikar mikilvægi þess að sveitarfélagið skoði hvernig hægt er að hámarka nýtingu frístundarstyrkja til að efla félagslega samhældni í samfélaginu og lýðheilsu íbúa.



## Staðan í Grímsnes- og Grafningshreppi


Núverandi nýting frístundastyrkja í Grímsnes- og Grafningshreppi er 72% meðal barna á aldrinum 5–18 ára. Nýtingin er misjöfn eftir einstaklingum, þar sem sumir nýta styrkinn að fullu á meðan aðrir nýta hann að hluta.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru 65 börn á aldrinum 5–18 ára skráð í sveitarfélaginu árið 2024. Samkvæmt nýjustu gögnum úr Íbúasýn hefur fjöldi barna í þessum aldurshópi aukist í 76 börn fyrir árið 2025.

### Kostnaður við akstur í tengslum við Frístunda-og tómstundiðkun:

Fjölskyldur sem búa í Uppsveitum Suðurlands búa við þær aðstæður að þegar ekki er hægt að sækja þjónustu í heimabyggð þá þurfa þau oft að aka börnum sínum á æfingar á Selfossi eða í nágrennasveitarfélög.

- **Akstursfjarlægð:** ef horft er í nágrennasveitarfélög frá Borg í Grímsnesi þá eru u.þ.b. 23km á Selfoss. Á Flúðir eru u.þ.b. 32km og í Hveragerði er u.þ.b. 30km.
- **Heildarakstur:** Miðað við eina æfingu á viku er gert ráð fyrir 40 – 80km sem þarf að aka. 3–4 æfingar í viku getur heildarakstur verið 240–400 km á viku.
- **Rekstrarkostnaður bifreiðar:** Samkvæmt Félagi íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) er meðalkostnaður við rekstur fólksbifreiðar um 95 kr. á hvern ekinn km






Ef við tökum saman þann aukakostnað sem aksturinn hefur í för með sér fyrir börn sem þurfa að sækja frístunda- og tómstundarstarf utan Grímsnes- og Grafningshrepp vegna framboðsleysi í íþrótt- og æskulýðsstarfsemi þá má sjá að stór útgjaldaliður heimilisins fer í ferðakostnað.

Þá ber að nefna að með hækkandi aldri fjölga fjölda æfinga. Börn á aldrinum 0-5 ára geta sótt að meðaltali 1 æfingu á viku í þeim íþróttagreinum sem boðið er upp á Grímsnes-og Grafningshreppi og nágrannasveitarfélögum. Börn á aldrinum 6-12 geta sótt að meðaltali 2-3 æfingar á viku, Börn 13 ára og eldri geta sótt 3-4 æfingar að meðaltali í viku. Þessu fylgir aukning á æfingargjöldum á þeirri tómstund sem börn og ungmenni kjósa sér.

Hér er meðaltal ársgjalda fyrir hvern aldurshóp af þeim íþróttagreinum sem eru í boði í kringum Grímsnes-og Grafningshrepp. Félögin sem skoðuð voru UMF Hvöt, ÍBU, UMF Selfoss, Selfoss Karfa, Hamar og skoðað voru æfingartöflur, æfingargjöld í gegnum sportablar og ásamt samtöl við lykilaðila í tengslum ungmennafélögin.





## Tillögur um útfærslu á hækkun frístundastyrks

Út frá ofan töldum upplýsingum vil ég leggja til endurskoðunar að á frístundastyrkjum til heimila sveitarfélagsins. ég legg til eftirfarandi tillögur:

### 1. Flatur styrkur fyrir alla aldurshópa (0–18 ára):

**Tillaga:** Hækka styrkinn í **60.000 kr.** á ári fyrir öll börn á aldrinum **0–18 ára**.

#### Rökstuðningur:

- Jöfn tækifæri fyrir öll börn óháð aldri og efnahag fjölskyldna.
- Börn undir 4 ára aldri sækja sífellt meira í skipulagt starf eins og sund, hreyfileikfimi og skapandi tómstundir.
- Einfalt og skýrt kerfi án flækjustigs í útfærslu.

#### Ávinningur:

- Eykur aðgengi yngstu barnanna að skipulögðu starfi sem styður félags- og hreyfiþroska.
- Jafnræði meðal allra barna.
- Minnkar flækjustig í umsóknum og afgreiðslu styrkja.

#### Gallar:

- Meiri kostnaður fyrir sveitarfélagið.
  - Hækkunin gæti dregið úr mögulegum sértækum stuðningi við ákveðna aldurshópa.
-



## 2. Þrepaskiptur styrkur eftir skólastigum fyrir aldurinn 0-18 ára:

### Tillaga:

- 0–5 ára (leikskólastig): **50.000 kr.** á ári.
- 6–12 ára (yngsta stig og miðstig grunnskóla): **60.000 kr.** á ári.
- 13–18 ára (elsta ár miðstigs, efsta stig grunnskóla og framhaldsskóli): **80.000 kr.** á ári.

### Rökstuðningur:

- Miðar að mismunandi þörfum og kostnaði eftir aldri.
- Starfsemi fyrir eldri börn (13–18 ára) er oft dýrari, t.d. íþróttir, tónlistarnám og ferðalög í keppnisferðir og þurfa eldri börn að sækja sínar tómstundir utan svæðisins þar sem núverandi framboð tómstunda er lítið sem ekkert hér á þessu aldursbili.
- Á yngri aldri er frekar lögð áhersla á grunnþroska og ódýrari námskeið, en þátttaka á eldri árum getur minnkað vegna fjárhagslegra hindrana.

### Ávinningur:

- Betri stuðningur við eldri börn sem þurfa meiri fjárhagslega aðstoð til að halda áfram í skipulögðu starfi.
- Hvetur foreldra yngri barna til þátttöku í tómstundum á þeirra þroskastigi.
- Sveitarfélagið stýrir stuðningi í takt við raunverulegar þarfir.

### Gallar:

- Flóknara í framkvæmd en flatur styrkur.
- Yngstu börnin fá minni stuðning.



### 3. Viðbót fyrir fjölskyldur með fleiri en eitt barn fyrir aldurinn 0-18 ára:

#### Tillaga:

- Grunnstyrkur: **50.000 kr.** (óbreytt).
- Aukastyrkur: **20.000 kr.** á hvert barn eftir fyrsta barn (t.d. fjölskyldur með 2+ börn).

#### Rökstuðningur:

- Fjölskyldur með mörg börn bera hærri kostnað vegna frístundastarfs.
- Stuðlar að því að öll börn í fjölskyldunni geti tekið þátt í tómstundum.

#### Ávinningur:

- Stuðningur við stærri fjölskyldur.
- Jafnari möguleikar fyrir systkini að taka þátt í tómstundum.

#### Gallar:

- Getur leitt til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélagið.
- Einhleypir foreldrar með eitt barn fá ekki aukinn stuðning.

#### Samantekt á tillögum:

| <i>Útfærsla</i>                                | <i>Lágmarkskostnaður</i> | <i>Ávinningur</i>                          | <i>Gallar</i>                             |
|--|--------------------------|--|---|
| <b><i>Flatur styrkur<br/>(60.000 kr.)</i></b>  | Miðlungs                 | Jafnræði fyrir alla aldurshópa             | Meiri kostnaður fyrir sveitarfélagið      |
| <b><i>Þrepaskiptur styrkur eftir aldri</i></b> | Há                       | Miðar að þörfum eftir aldri                | Flóknari framkvæmd                        |
| <b><i>Viðbót fyrir mörg börn</i></b>           | Miðlungs                 | Stuðningur við fjölskyldur með fleiri börn | Einhverjir útilokaðir (t.d. einstök börn) |

Allar tillögur taka mið af því að aldursbilið verði lækkað niður í 0-18 ára.